



Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur
Sími: 422 3000
www.mannvit.is
mannvit@mannvit.is




MANNVIT

ÁBYRGÐ Í VERKI

MÁÍ 2019

SJÁLFBÆRNI- OG
SAMFÉLAGSSKÝRSLA



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Skuldbinding til framtíðar | 4 |
| Stefna, starfsemi og stjórnarhættir | 6 |
| Sjálfbærni og samfélagsábyrgð..... | 8 |
| Heimsmarkmið í starfsemi Mannvits..... | 8 |
| Samfélag..... | 10 |
| Umhverfi | 12 |
| Ábyrgð í verki..... | 14 |
| Frammistaða 2018..... | 26 |

Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

Mannvit hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2020. Við viljum með verkum okkar stuðla að aukinni sjálfbærni í íslensku samfélagi og vera fyrirmynd viðskiptavina okkar. Á árinu 2018 kolefnisjöfnum við alla losun frá bílafloata fyrirtækisins og allt innanlandsflug í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð auk þess að draga úr kolefnislosun um 22%.

24%

Konur

76%

Karlmenn

83%

Ánægja viðskiptavina með þjónustu Mannvits

100%

Viðskiptavinum þótti viðmót starfsfólks fremur eða mjög gott

22%

Minni losun gróðurhúsalofttegunda

7%

Minni notkun rafmagns

9%

Minni losun CO2 á hvern ekinn km

11%

Minni notkun pappírs

31%

Starfsfólk Mannvits á samgöngustyrk

80%

Endurvinnsluhlutfall

40

Erindi og opnar kynningar

87 t

Kolefnisjöfnun af koltvísyringi

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð eru mikilvægir þættir í starfsemi Mannvits og rauður þráður í stjórnkerfi og stefnu fyrirtækisins. Þar horfum við til alþjóðlegra staðla, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og til viðmiða Global Compact.

Örn Guðmundsson, forstjóri



Skuldbinding til framtíðar

Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki sem byggir árangur sinn á öflugum mannauði sem hefur tækifæri til að móta framtíðina. Mannvit starfar í síbreytilegu umhverfi og aðlögunarhæfni fyrirtækisins byggir á frumkvæði í þróun nýrrar þjónustu og verkefna sem stuðla að nýsköpun. Við vitum að ákvarðanir sem eru teknar í dag munu hafa áhrif á samfélagið á morgun.

Við leggjum metnað í að gera sífellt betur og er stuðningur við Global Compact sáttmálann mikilvægur liður í því að tryggja áframhaldandi framfarir fyrirtækisins á sviði samfélagsábyrgðar. Við gefum nú út þriðju framvinduskýrslu Mannvits þar sem við sýnum hvernig okkur gekk á liðnu ári að innleiða viðmið Global Compact og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi okkar og framfylgja þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi árs.

Miðlun þekkingar

Talsverður árangur hefur náðst á síðastliðnu ári í að koma skila-boðum um mikilvægi sjálfbærni á framfæri á Íslandi. Starfsfólk Mannvits hefur tekið virkan þátt í þeirri umræðu og unnið markvisst að því að auka þekkingu á sjálfbærum og vistvænum hönnunarláusnum. Við teljum mikilvægt að ráðgjöf okkar taki mið af því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi og birtum því nokkur ólík verkefni sem við tengjum beint við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, viðskiptavinum og samfélaginu til hvatningar.

Örn Guðmundsson, forstjóri

Stefna, starfsemi og stjórnarhættir

Hlutverk Mannvits er að skapa og stuðla að sjálfbærnu samfélagi

Mannvit er ráðgjafar fyrirtæki í verk- og tæknifræði á sviði orku, iðnaðar og mannvirkja og starfar á alþjóðamarkaði. Mannvit starfrækir samþætt stjórnkerfi sem tekur mið af ISO 9001 staðli um gæðastjórnun, ISO 14001 fyrir umhverfisstjórnun og ISO 18001 um stýringu öryggis og vinnuverndar. Samkeppnisforskot fyrirtækisins byggir á öflugum mannauði og samfélagsábyrgð sem er samofin öllum rekstrinum. Framkvæmdastjórn Mannvits leggur áherslu á að sýna ábyrgð í rekstri, gagnsæi og heiðarleg vinnubrögð. Hluti af ábyrgum rekstri er góð efnahagsleg afkoma fyrirtækisins sem tryggir stöðugt starfsumhverfi fyrir starfsfólk og birgja fyrirtækisins. Mannvit er á meðal framúrskarandi fyrirtækja Credit Info og hefur hlotið viðurkenningu rannsóknarmiðstöðvar í stjórnarháttum sem fyrirmyndar fyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Stefnupýramídi Mannvits ramar inn stefnu fyrirtækisins og samanstendur hann af fimm þrepum þar sem hvert þrep styður hvert annað. Þrepin eru hlutverk, gildi, framtíðarsýn, markmið og lykilverkefni.

Öflugur mannauður er kjarninn í framtíðarsýn Mannvits. Mannvit byggir velgengni sína á þekkingu og hugviti starfsfólks og leggur áherslu á að starfsfólki líði vel og hafi tækifæri til að móta komandi framtíð. Fyrirtækið einsetur sér að sýna samfélagslega ábyrgð í rekstri sem styður við nýsköpun og þróun.


Gildi Mannvits móta hugarfarar og viðhorf starfsfólks. Starfsfólk hefur tileinkað sér gildin og eru þau kjarninn í menningu fyrirtækisins. Gildin eru; traust, viðsýni, þekking og gleði.

Mannvit hefur sett sér það markmið að viðskiptavinir upplifi ávallt að það sé gott að eiga viðskipti við Mannvit og að starfsemin sé skilvirk, hröð og hagkvæm. Til að vinna að settum markmiðum eru skilgreind lykilverkefni sem styðja við aukna verðmætasköpun.



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Við leggjum áherslu á að sýna gott fordæmi í okkar rekstri og vera leiðandi fyrirtæki á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Við höldum áfram að vinna eftir viðmiðum Global Compact og tileinkum okkur markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við stefnumörkun og markmiðasetningu. Á hvert setjum við okkur metnaðarfull markmið á sviði samfélagsábyrgðar og birtum árangur síðasta árs. Stöðugt er unnið að því að bæta upplýsingagjöf fyrirtækisins um ófjárhagslega þætti, í þessari skýrslu færum við okkur því í áttina að framsetningu í samræmi við kröfur GRI (Global Reporting Initiative) og stefnum að útgáfu skýrslu í samræmi við GRI á næstu árum. Við teljum mikilvægt að vera í góðum samskiptum við fjölbreytta hagsmunaaðila fyrirtækisins og er útgáfa skýrslu um samfélagsábyrgð liður í því að miðla áherslum Mannvits til bæði innri sem ytri hagsmunaaðila.



Samfélag

Mannvit leggur metnað í að starfsfólki líði vel í vinnunni. Góður starfsandi og samkennd einkenna vinnustaðinn. Við hugum að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks og bjóðum uppá reglulega fræðslu um heilsutengd málefni, íþróttastyrki, samgöngustyrki og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þá hefur starfsfólk Mannvits sýnt frumkvæði og metnað í að byggja upp öflugt félagslíf og íþróttarstarf innan fyrirtækisins þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá Bootcamp til göngu- og golfhópa. Þá er keppnisskapið ekki langt undan og hefur starfsfólk Mannvits keppt í WOW cyclothon og þrekmeistari Mannvits verið krýndur.

Mannvit hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Mannvit hefur sett sér metnaðarfull markmið og framkvæmda-áætlun tengda jafnréttismálum. Innleiðing jafnlaunakerfis var mikilvægur áfangi á þeirri leið. Á árinu 2018 voru 23 ráðnir til starfa hjá fyrirtækinu og var starfsmannavelta 11%. Mannvit leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegum vinnutíma og stuðningi við barneignarfólk en 19 einstaklingar fóru í fæðingarorlof hjá fyrirtækinu á árinu 2018 og 18 snéru til baka úr fæðingarorlofi. Stöðugildi voru 284 og launakostnaður um 78% af rekstrarkostnaði. Hlutfall starfsmanna í stéttarfélögum var 88%.

Þekking starfsfólks er lykillinn að velgengni Mannvits. Starfsfólk er hvatt til símenntunar og mikil áhersla lögð á nýsköpun og þróun í útfærslu á verkefnum og þjónustu. Alls fékk starfsfólk að meðaltali 11 klukkustundir í fræðslu og þjálfun á árinu 2018 en stefnt er að því að fjölga þessum tímum á næstu árum. Unnið hefur verið að því að auka innanhússfræðslu og upplýsingagjöf með stuttum fræðslufundum en 18 slíkir voru haldnir innanhúss árið 2018. Í júní 2018 var haldin nýsköpunarvika þar sem boðið var uppá áhugaverð erindi tengd nýsköpun, bæði frá aðilum innan og utan fyrirtækisins. Starfsfólk Mannvits hélt yfir 40 fræðsluerindi á opnum fundum eða viðburðum utan fyrirtækisins á árinu. Mannvit er einnig þátttakandi í þróunarverkefnum í þróunarlöndum þar sem lögð er áhersla á að skilja eftir þekkingu að verkefnum loknum.

„Góður starfsandi, áhersla á nýsköpun og vinna að jafnlaunavottun einkenndi árið 2018“

Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

284

Starfsmenn


40

Fræðsluerindi á opnum fundum


100%

Viðskiptavinum þótti viðmót starfsfólks fremur eða mjög gott

Aldursskipting



Menntun



Umhverfi

Eitt af helstu markmiðum Mannvits í umhverfismálum eru að minnka soun auðlinda í rekstri fyrirtækisins og kolefnishlutleysi. Því eru sett metnaðarfull markmið árlega sem snúa að auðlinda-notkun og losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri fyrirtækisins. Á árinu 2018 var dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um tæp 22% en auk þess var öll losun frá bílum og innanlandsflugi á vegum fyrirtækisins kolefnisjöfnuð í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð. Þá dróst notkun rafmagns, eldsneytis og pappírs saman ásamt því að matarsoun minnkaði í mötuneyti fyrirtækisins þó hún hafi ekki verið mikil fyrir. Þá var endurvinnsluhlutfall fyrirtækisins 80% en stefnt er að því að auka það en frekar.

Mikil áhersla er lögð á öryggismál og er rekin stefna um slysalausa starfsemi. Allt starfsfólk fær kynningu á öryggismálum hjá fyrirtækinu og fær litla handbók um öryggismál afhenta. Þá er lögð áhersla á að miðla öryggismenningu fyrirtækisins áfram til viðskiptavina og veitt ráðgjöf á sviði öryggis- og vinnuverndarmála, hvort sem er við hönnun, á verk tíma eða líftíma mannvirkis/búnaðar. Meðal aðgerða á árinu 2018 var vinnustofa um öryggismál sem haldin var með verk-tökum og tryggingafyrirtækjum en markmið vinnustofunnar var að draga úr slysum á verkstað en 3 vinnuslys voru skráð á árinu 2018.

Þá er lögð mikil áhersla á umhverfis- og sjálfbærnitund starfsfólks fyrirtækisins með stöðugri fræðslu og innleiðingu sjálfbærnihugsunar í verklag. Það er okkar markmið að þegar viðskiptavinir leita til Mannvits fái þeir hagkvæma lausn, sem uppfyllir þeirra þarfir og skilar sem mestum ábata til umhverfis og samfélags.

„Við leggjum sífelld aukna áherslu á bættu auðlindanotkun, minni soun og kolefnishlutleysi í rekstri og ráðgjöf Mannvits“

Tryggvi Jónsson, sviðsstjóri burðarvirkja

22%

Minni losun gróðurhúsalofttegunda

7%

Minni notkun rafmagns

9%

Minni losun CO2 á hvern ekinn km

12%

Bílar Mannvits umhverfisvænir

11%

Minni notkun pappírs

31%

Starfsfólk Mannvits á samgöngustyrk

80%

Endurvinnsluhlutfall

7%

Minni matarsoun





Ábyrgð í verki


Viðtækust áhrif fyrirtækisins verða af verkefnum okkar, þeirri hönnun og ráðgjöf sem við bjóðum viðskiptavinum. Við nálgumst verkefni með sjálfbærni að sjónarmiði og hugum meðal annars að því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag, nýta auðlindir á ábyrgan hátt, takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og skapa öruggar, visthæfar og hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum sem skila þeim ábata til framtíðar.

Mannvirki

Breikkun hringvegarins


Vegagerðin stendur fyrir breikkun á hringveginum frá Hveragerði að Biskupstungnabraut við Selfoss. Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna og fækkun tenginga við hringveg ásamt því að auka umferðarrýmð vegakerfisins milli Hveragerðis og Selfoss. Hjólaleið verður eftir hliðarvegi alla leiðina á milli Hveragerðis og Selfoss. Mannvit hefur með höndum alla verkfræðihönnun og gerð kynningarmyndbands.





Nýsköpun Laki Power

Laki Power ehf. er íslenskt sprotafyrirtæki, að hluta í eigu Mannvits, sem undanfarin ár hefur unnið að þróun búnaðar sem ber heitið Power On-Line Generator (POLG). Búnaðurinn nýtir rafsegulsvið háspennulína til að framleiða rafmagn sem er notað til þess að knýja ýmis mæli- og eftirlitstæki sem komið er fyrir á rafmagnslínunni. Gögn frá búnaðinum eru síðan aðgengileg raforkuflutningsfyrirtækjum og veita verðmætar upplýsingar í gegnum vefviðmót. Unnið hefur verið að þróun búnaðarins í samstarfi við Landsnet og frumgerð af búnaðinum er til reynslu á Brennimelslínu 1, 220 kV línu Landsnets.



Iðnaður Örþörungaræktun

Algaenovation er sprotafyrirtæki sem hefur verið að þróa nýja tækni við að rækta örþörungum. Unnið er að uppbyggingu á aðstöðu fyrirtækisins sem staðsett verður í Jarðhitagarði ON við Helliðarvirkjun. Mannvit sér um alla verkfræðihönnun, byggingarstjórnun og verkefnastjórnun fyrir framleiðsluáðstöðuna. Afurðirnar verða í fyrstu seldar sem fóður til seiðaeldis. Verkefnið er afar jákvætt skref í átt til frekari nýtingar á þeirri orku sem ON nýtir á Helliðarvirkjun, þar sem Algaenovation kaupir heitt og kalt vatn, rafmagn og koltvíoxíð til framleiðslunnar. Framleiðslan er mikilvægt skref í átt til virðishringrásar og sjálfbærni hér á landi.



Iðnaður

Gas- og jarðgerðarstöð

Ný gas- og jarðgerðarstöð sem SORPA reisir í Álfsnesi verður stórt skref í umhverfismálum á höfuðborgarsvæðinu þegar urðun á heimilisúrgangi verður nánast hætt. Væntingar standa til að yfir 95% úrgangs frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu verði endurnýttur. Stöðin mun framleiða metangas sem nýtist á ökutæki og er að ígildi um 3.3 milljón lítra af bensíni. Einnig verður til jarðvegsbætur sem nýta má í landgræðslu, skógrækt eða til landmótunar. Mannvit sér um gerð útboðsgagna, samningsgerð, rýni tæknigagna, skjalastjórnun, verkutnumhald og er fulltrúi verkkaupa gagnvart framkvæmdaaðila á hönnunar- og framkvæmdatíma.



Nýsköpun

Repja í fóður og olíu

Verkefni Skinney-Þinganes hlaut Umhverfisverðlaun atvinnulífsins fyrir umhverfisframtak ársins 2018. Verkefnið snýst um að nýta repjuolíuna sem íblöndunarolíu á skipaflota fyrirtækisins, fóðurmjölið fer í fóður fyrir nautgripi, stönglarnir undir skepnurnar og svo sem lífrænn áburður á akra. Repjan er þannig nýtt að fullu og er lífrænt ræktuð að auki. Verkefni stuðlar að aukinni hringrás og sjálfbærni í sveitarfélaginu þar sem að allar afurðir eru nýttar að fullu. Repjuverkefnið er unnið í samstarfi við Mannvit og Samgöngustofu.





Orka

Vindorkugarður

EM orka vinnur að undirbúningi vindorkugarðs í Garpsdal, Reykhólahreppi á Vesturlandi. Áform fyrirtækisins eru að setja upp vindmyllur í Garpsdalsfjalli. Vindorka er bæði afturkræfur og vistvænn orkukostur. Í fyrirhuguðu skipulagi svæðisins mun verða lagt kapp á að lágmarka sjónræn áhrif og tryggja lágmarksáreiði á nærumhverfi en vindorkugarðurinn mun tengjast við núverandi tengivirki í Geiradalnum með rafmagnslínu sem grafinn verður í jörðu. Fjárhagslegur ávinningur er áætlaður yfir 7,4 milljarðar króna yfir líftíma verkefnisins í beinar skatttekjur til íslenska ríkisins. Ráðgjöf Mannvits er meðal annars á sviði verkefnisstjórnunar, mats á umhverfisáhrifum, landslags- og ásýndargreiningar, jarðgrunnsathugun og hljóðvistar.

| | | |
|----------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|
| 7 SJÁLFBÆR ORKA | 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING | 13 VERNUN JARÐARINNAR |
|----------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|

Orka

Brúarvirkjun


HS Orka vinnur að því að reisa rennslisvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum. Umfang Brúarvirkjunar er tiltölulega lítið og staðsetning heppileg með tilliti til sjónrænna áhrifa. Uppsett afl er 9,9 MW og virkjunin framleiðir um 82,5 GWst/ári. Sjálfbærni er mikilvægur þáttur í uppbyggingunni á svæðinu og síðastliðið sumar var hafist handa við endurheimt birkiskóga á svæðinu í samstarfi við Skógrækt ríkisins með gróðursetningu 25 þúsund birkiplantna í alls 10 hektara. Framkvæmdir vegna endurheimtar votlendis eru áætlaðar sumarið 2019. Mannvit kemur að stórum þáttum í undirbúningi Brúarvirkjunar, allt frá jarðfræðirannsóknnum, mati á umhverfisáhrifum til heildarhönnunar, verkefnagátar og aðstoðar á framkvæmdatíma.



Mannvirki

Samgöngumiðstöð í Reykjavík

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar og Strætó vinnur að skipulagningu samgöngumiðstöðvar á svokölluðum U-reit. Á U-reit verði samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðstöð; skiptistöð almenningsamgangna, tengipunktur almenningsamgangna út fyrir höfuðborgarsvæðið og flugafgreiðsla fyrir Reykjavíkflugvöll. Miðstöðin verði ein af lykilskiptistöðvum Borgarlínu, þ.e. hágæða almenningsamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu. Mannvit vinnur að skipulagningu reitsins með starfshópnum, m.a. að þarfagreiningu og undirbúningi hugmyndasamkeppni.



Frammistöðuvísar 2018

Samfélag

| Mælikvarði | Heimsmarkmið | Global Compact | GRI | ESG | Nánari lýsing |
|---|--------------|----------------|-------|-----|---------------|
| Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta | 8 | 1,2,3,4,5,6 | 401-1 | S3 | Samfélag |
| Fjölskylduvænn vinnustaður | 5 | 1,2 4,6 | 401-3 | | Samfélag |
| Árleg þjálfun | 4,8 | 6,8,9 | 404-1 | | Samfélag |
| Símenntun starfsfólks | 8 | 6 | 404-2 | | Samfélag |
| 0 slystefna | 3,8 | | 403-2 | S7 | Samfélag |
| Fjölbreytt stjórn og starfsfólk | 5,8 | 1,2, 6 | 405-1 | S4 | Samfélag |
| Jöfn laun | 5,8,10 | 6 | 405-2 | | Samfélag |
| Jafnlaunastefna | 5, 8,10 | 6 | | S6 | mannvit.is |
| Bætt þekkingarmiðlun innan fyrirtækis | 4,8 | | | | Samfélag |
| Stuðningur við nærsamfélag | 4,8,11,17 | 8 | | | Samfélag |

Umhverfi

| Mælikvarði | Heimsmarkmið | Global Compact | GRI | ESG | Nánari lýsing |
|-----------------------------|---------------|----------------|-----------|-----|---------------|
| Orkunotkun | 8,12,13 | 8 | 302-4 | E3 | Umhverfi |
| Auðlindanotkun | 8,12 | 7,8 | | | Umhverfi |
| Losun gróðurhúsalofttegunda | 3,12,13,14,15 | 8 | 305-1,2,3 | E1 | Umhverfi |
| Kolefnisjöfnun | 3,12,13,14,15 | 8 | 305-5 | | Umhverfi |
| Endurvinnsluhlutfall | 3,12,13 | 7,8 | 306-2 | E8 | Umhverfi |
| Umhverfisslys | 6,12,14,15 | 7,8 | 307-1 | E10 | Umhverfi |
| Öryggisstefna | 3,8 | 7,8 | | S8 | mannvit.is |
| Umhverfisstefna | 3,12,11,13,15 | 7,8,9 | | E9 | mannvit.is |

Stjórnarhættir

| Mælikvarði | Heimsmarkmið | Global Compact | GRI | ESG | Nánari lýsing |
|---------------------------------------|--------------|----------------|--------|-----|---------------|
| Ánægja viðskiptavina | 8 | | | | Samfélag |
| Stuðningur við félagafrelsi | 10 | 3 | | G4 | Samfélag |
| Árlegt heildarhlutfall launagreiðslna | 8 | | 102-38 | | Samfélag |
| Stöðugildi | 8 | | | | Samfélag |